



Co-funded by the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union



# CoReD



Collaborative  
Redesign  
with schools

## CoReD: Grunnregla 1

Byrjið þar sem fólk er stadd (í huga og á fæti)









## Rými menntunar skipta máli

Ápreifanleg rými og efnislegar bjargir, það sem er í boði og hvernig því er komið fyrir, skipta verulegu máli hvað snertir ferla og afrakstur náms og kennslu. Rannsóknir síðustu hálftrar aldar í mörgum löndum og undir ýmsum kringumstæðum menntunar endurspeglar áhrif af ápreifanlegu námsumhverfi (Higgins o.fl., 2004; Byers o.fl., 2018) og hvetja aðila sem fjármagna og nýta innviði til menntunar til að bæta húsakynni og bjargir (Blackmore o.fl., 2011; Duthilleul o.fl., 2021).

Ekkert námsumhverfi, hversu nýstárlegt sem það kann að virðast, er töfralausn. Eins og greina mátti við innleiðingu upplýsingatækni við lok 20.

aldar (Cuban, 2001) skiluðu tæki kennurum og nemendum ekki alla leið. Hverjar sem menntabjargirnar eru, ápreifanlegar og stafrænar, er lykillinn að árangri að geta beitt því sem fólk er með í höndunum til þess sem það vill koma til leiðar. Þýðing tengsla á milli hönnunar og notkunar eru sá lærdómur sem draga má af tilraunum fyrri tíðar til nýsköpunar við byggingu skóla (opnum skólabyggingum á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar, opnum byggingum samtímans í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi, byggingum löguðum að einstaklingsmiðuðu námi á Íslandi eða byggingum í anda nýrrar námskrár í Finnlandi).

Til að stilla saman hönnun og notkun á menntarýmum má líta til lykilhugmynda sem þróast hafa í þátttöku- og notendamiðaðri hönnun sem fara saman við þekkingu á breytingum í menntun: **fólk þarf að vinna saman**. Samvinna er meginatriði ef stuðla á að sameiginlegum skilningi á gildum og markmiðum menntunar; á ferlunum og athöfnunum sem þarf til að hann mótist; og á vali og skipulagi á björgum og rýmum sem þær athafnir þarfnast.

Samvinnan verður einstök í hvert sinn, með öllum þeim ákvörðunum sem þurfa að taka mið af kringumstæðum eða staðháttum: Hverjir eiga að taka þátt í samvinnunni (Nemendur? Kennarar? Annað starfsfólk? Stjórnendur? Ráðamenn sveitarfélags?) Hvenær á að kalla til hópa eða fulltrúa þeirra? Hvaða fjármagn, ef eitthvað, er í boði til að breyta húsakynnum? Hvaða tíma eiga breytingarnar að taka?

Um leið má finna ýmiss konar samhljóm sem einkennir þátttökuférlana. Samvinna tekur tíma og það getur reynst snúið að finna út hvernig taka má umræðu um rými í skóla með fólki sem lítur á þau frá sjónarhorni notenda fremur en hönnuða eða skipulagsaðila. Það er þarna sem verkfærin frá CoReD koma til sögunnar, eins og þau birtast í leiðbeiningum frá okkur, og ná yfir fjórar grunnreglur til að auðvelda árangursríkt samstarf um rými skóla (Woolner, 2018).




---

**Samvinna er meginatriði þegar móta á sameiginlegan skilning á gildum og markmiðum menntunar**

---

Þessar leiðbeiningar eiga að hjálpa þér að ...

- 1. Byrja þar sem fólk er stött (í huga og á fæti)**
2. Skilja samspil áþreifanlegra, skipulagslegra og félagslegra þátta í umhverfi skóla
3. Búa í haginn fyrir ígrundaða leit að hugmyndum og möguleikum
4. Átta þig á að breytingar eru langt og flókið ferli

## Að byrja þar sem fólk er stött

Notendur skóla þekkja rýmin sín og búa yfir sinni sérstöku reynslu af þeim. Hún litast af hlutverki þeirra í skólanum (kennari, nemandi, skólaliði, húsvörður ...) og líka einstaklingsbundnu vali. Undir liggja óyrt gildi og óyrtar hugmyndir sem rekja má til einstaklingsins, skólans og veruleikans þar utan við. Svo eru það áþreifanlegu rýmin sjálf og ytra samhengi þeirra – nemendarymi í skólanum, skólinn í nærsamfélaginu, heimabyggðin í allri samfélagsheildinni. Staðan í hverju rými mótast af fleiru en rýminu sjálfu, til að mynda fjárhagslegum atriðum, ákvarðanatöku og pólitískum áherslum.

Í anda þessarar reglu um samvinnu er mikilvægt, eins og í öllum breytingarferlum, að átta sig á flækjustiginu í upphafi og vinna að sameiginlegum skilningi á verkefninu, svo að hægt sé að setja saman raunhæfa en metnaðarfulla áætlun.

Vinna sem mælt er mið í anda þessarar grunnreglu og tilvikrannsóknir CoReD sem sagt er frá til að styðja hana eiga öll rætur í skólasamfélögum, rýmum þeirra og hluta sem þar er fengist (eða reynt að fást) við. En öll sýna dæmin fólk sem reynir að komast að sameiginlegum skilningi til að koma hugmyndum sínum í kring.

## Hvaða tól er best að nota ef fylgja á grunnreglu 1?

	Breskt tól Tíglröðun	Danskt tól Sögur af menntarymum	Sænskt tól Rýninganga um skóla	Íslenskt tól Matslykill um einstaklings miðað nám	Portúgalskt tól Spurningakönnun um skólarými skólanemenda, S3S	Ítalskt tól Kortlagning náms og kennslu
<b>1. Byrja þar sem fólk er stött (í huga og á fæti)</b>	✓✓	✓	✓			✓
2. Skilja samspil áþreifanlegra, skipulagslegra og félagslegra þátta í umhverfi skóla			✓✓	✓	✓✓	✓
3. Búa í haginn fyrir ígrundaða leit að hugmyndum og möguleikum	✓	✓✓			✓	
4. Átta sig á að umbreyting er langt og flókið ferli				✓✓	✓	✓✓

✓✓ Þetta verkfæri hentar vel fyrir skólasamfélag sem beinir athygli að þessari grunnreglu með hliðsjón af því hvar það er stött í ferli hönnunar, þróunar og mats.


✓ Þetta verkfæri getur líka komið að gagni í skólasamfélagi sem vinnur eftir þessari grunnreglu.

## Hvernig má nota þessi tól?

**Tíglröðun** <https://www.ncl.ac.uk/cored/tools/diamond-ranking/> er greið og bein leið til að kalla fram samræðu um rými í skólum. Fyrsta skrefið, að raða níu myndum af menntarýmum má framkvæma með ljósmyndum úr eigin skóla eða öðru umhverfi eftir breytum sem falla að áherslum í verkefninu. Til að mynda má spyrja hvar breytinga sé helst þörf eða hvar best sé að læra. Þetta er einfalt fyrir fullorðna, hvar sem áhugi þeirra liggur, og börn geta leyst þetta líka. Röðunin rammar vel inn markvissar umræður fagfólks um kosti og galla þeirra eigin vinnurýma og á breiðari grunni um gæði menntarýma yfirleitt. CoReD-síða um tíglröðunina býður upp á nýtileg myndasöfn af rýmum í skóla.



**Sögur af menntarýmum** <https://www.ncl.ac.uk/cored/tools/ses/> eru önnur skipulögð aðferð og styðst við vinnublöð sem sækja má fyrir þátttakendur á vef CoReD. Þátttakendur byrja bókstaflega þar sem þeir eru staddir í sínum skóla með því að leita uppi áhugaverða, þýðingarmikla eða gleymda staði í skólanum. Hópar búa til sögur um notkun á rýmum í nútíð, hvernig þau gætu hafa verið notuð áður og hvernig mætti nota þau í framtíðinni. Sögur úr fortíðinni geta byggt á sögulegri þekkingu sem þátttakendur búa yfir til að ýta en með því að bjóða upp í hreina sögugerð skorti þá þekkingu verða allir jafnsettir og geta hafist handa þar sem þeir eru staddir. Hópar starfsfólks eða nemenda geta notað tólið og mörg hlutverk í hópnum veita breiða sýn. Leiðbeinanda þarf til að taka saman hugmyndirnar og vinnuna má styðja með Padlet-síðu til að birta þær.



Önnur CoReD-tól geta auðveldað skólafólki að byrja hugmyndavinnu um rými í sínu starfi með því að rýna valda hluta af menntaumhverfinu og hvernig það er notað. **Kortlagning náms og kennslu** <https://www.ncl.ac.uk/cored/tools/cartographic-observation/> snýst um að skrá á kort notkun nemenda og kennara á tilteknu námsrými. **Rýnigöngur um skóla** <https://www.ncl.ac.uk/cored/tools/walkthrough/> snúast um að láta litla hópa sækja heim valda staði í skólanum og ræða rýmislegar takmarkanir, tækifæri og möguleika.

**Fyrir hvert verkfæri er vefsíða þar sem þú getur fundið nákvæmar leiðbeiningar um tólið og stundum aðrar bjargar á öllum tungumálum CoReD.**



## Valin dæmi um tilviksrannsóknir CoReD


### Tígulröðun í ítölskum leikskóla þar sem endurgerð er í undirbúningi

Í fjallahéruðum Suður-Týról (Alto Adige) í leikskólaumdæmi Brixen (ít. Bressanone) hefur hönnun rýma lengi verið tengd uppeldisstarfi. Umdæmisstjórn leikskólanna hvetur til ígrundunar um hönnun og notkun rýma og unnið er að endurnýjun húsbúnaðar. Tígulröðun var beitt í nokkrum leikskólum af starfsfólki til að kveikja umræðu um notkun á rýmum og ákveða forgang við endurnýjun. Starfslið eins af ellefu skólum, skóla sem byggður var 1976, notaði tígulröðun til að rýna húsakynnin með endurgerð í huga. Tveimur settum af níu ljósmyndum af rýmum innan



skólans og utan var raðað til að gefa til kynna hvar helst væri breytinga þörf. Röðunin og umræðurnar sem fylgdu gerðu fólki kleift að horfa á rýmin úr fjarlægð líkt og þar væru gestir á ferð. Rýmin þóttu þá ekki jafn barnvæn og notaleg og fólk hélt að yrði raunin en fólk fannst

gott að ferlið leiddi til samkomulags um forgangsroð. Brýnast þótti að breyta inngangi í skólann, bæði að utan og innan, enda lentu þær myndir efst í báðum tíglum. Framan við innganginn var stórt og ónotað svæði undir skýli og inni dimmt og kuldalegt. Upplýsingum um þessa vinnu og tillögum var komið á framfæri við umdæmið og eiga að hafa áhrif á endurgerðina..





### Sögur af menntarýmum tengdum nýrri viðbyggingu í Vesturbæjarskóla, Reykjavík, Íslandi

Þessi skóli hóf starfsemi í gömlu húsi 1958 og fluttist í nýja byggingu 1988. Viðbygging við hana var vígð 1999 og önnur 2018. Um 400 nemendur á aldrinum 6 til 13 ára ganga í skólann. Valin voru þrjú svæði í eða í tengslum við

viðbygginguna eftir ábendingum skólastjóra um staði sem nýtt mætti meira og betur. Reglubundinn kennarafundur var allur lagður undir þessa rýni og þar tóku 18 kennarar þátt.

Stutt vefkönnun í upphafi fundar leiddi í ljós að kennararnir voru almennt ánægðir með húsakynni, stefnu og starf við skólann. Hún reyndist líka góður



aðfari að rýnivinnunni og kveikti áhuga á efninu í upphafi fundar. Fimm rýnihópar kennara rýndu eitt svæði hver hópur og ræddu fyrri notkun á svæðinu, núverandi notkun og mögulega notkun í framtíðinni. Rýnt var í þaksvallir með glerhýsi, opið miðrými frá 1988 með innri svölum yfir bókasafni og opin gangsvæði utan við fjórar nýjar stofur. Þátttakendur færðu inn í hópana ýmsa þekkingu og reynslu. Beitt var stafrænum vegg eða Padlet-síðu til birta hugmyndir, ljósmyndir og tengla.



## Rýninganga um skóla við undirbúning endurgerð skóla í Hudiksvall, Svíþjóð

Þessi framhaldsskóli var byggður 1910 og þjónar nú um 350 nemendum á aldrinum 12 til 16 ára. Viðbygging var reist 1964 en annars hefur litlu verið breytt. Endurgerð er í undirbúningi og verkfærið var notað til að meta kosti húsakynnanna með tilliti til skólastarfs. Stefnt var að því að hugmyndir sem þannig yrðu til myndu styðja ákvarðanir um framtíðarbreytingar og fella betur saman skólastarf, skipulagsþætti og námsrými.

Fjórir starfsmenn, þrír kennarar og einn deildarstjóri, tóku þátt í rýningu um kennslustofur og gangsvæði fyrir bæði fatlaða og ófatlaða nemendur. Áhugavert reyndist að kennarar voru ánægðari með stofurnar en áttu auðveldara með að benda á ýmsa notkunarmöguleika á göngunum, til að mynda hópavinnu og sýningar. Með því að byrja þar sem þeir voru staddir tókst þeim að sjá fyrir sér og leggja til ýmsa notkun á svæðum sem þarna voru undir. Þetta hefur þýðingu fyrir áætlaðar breytingar. Í skólanum var ákveðið að láta fleiri teymi kennara fara í rýningu um skólann áður en ráðist yrði í breytingar.



## Frekari upplýsingar – Má hlaða niður án endurgjalds

Til að sjá meira um hönnun skólabygginga og tilvik í Svíþjóð þar sem reynir á þátttöku notenda:

<https://doi.org/10.3390/buildings11080345> (Frelin, A. og Grannäs, J. (2021). Designing and Building Robust Innovative Learning Environments. *Buildings*, 11(8), 345.

Líta má á þessa ritgerð eftir umræðu um tengsl hönnunar á skólum skólustarfs auk dæma um þátttöku notenda í hönnun danskra skólabygginga:

<https://adk.elsevierpure.com/en/publications/unlocking-learning-spaces-an-examination-of-the-interplay-between> (Bøjer, B. (2019). Unlocking Learning Spaces: An examination of the interplay between the design of learning spaces and pedagogical practices)

## Heimildir – Tenglar að efni á neti öllum til reiðu

Blackmore, J., Bateman, D., Loughlin, J., O'Mara, J. og Aranda, G. (2011). *Research into the connection between built learning spaces and student outcomes*. Melbourne: Education Policy and Research Division, Department of Education and Early Childhood Development. <https://www.education.vic.gov.au/Documents/about/programs/infrastructure/blackmorelearningspaces.pdf>

Byers, T., Mahat, M., Liu, K., Knock, A. og Imms, W. (2018). *A Systematic Review of the Effects of Learning Environments on Student Learning Outcomes, The University of Melbourne Technical Report 4/2018*. <http://www.ilet.com.au/publications/reports/>

Cuban, L. (2001). *Oversold and underused. Computers in the classroom*. Cambridge, Mass: Harvard University Press.

Duthilleul Y., Woolner, P. og Whelan, A. (2021). *Constructing Education: An Opportunity Not to Be Missed*. Paris: Council of Europe Development Bank, Thematic Reviews Series. [https://coebank.org/media/documents/Constructing\\_Education.pdf](https://coebank.org/media/documents/Constructing_Education.pdf)

Higgins, S., Hall, E., Wall, K. Woolner, P. og McCaughey, C. (2005). *The Impact of School Environments. A Literature Review*. London: Design Council.

Woolner, P. (2018) Collaborative Re-design: Working with School Communities to Understand and Improve their Learning Environments. Í Ellis, R. A.; Goodyear, P. (ritstj.), *Spaces of teaching and learning. Integrating perspectives on research and practice*. Singapore: Springer.



Þessar leiðbeiningar eru hluti af björgum sem þróaðar voru af Collaborative ReDesign with Schools – CoReD – verkefni sem stutt var af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins.

Upphafsdagsetning: 01-10-2019

Lokadagsetning: 30-09-2022

Verkefnanúmer: 2019-1-UK01-KA201-061954



Co-funded by the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union